

16. gr.

48

Sje loftnet lagt svo, að það komi í bága við reglur þessar eða valdi 17. apríl einhverskonar beinum eða óbeinum truflunum á sínum, getur landssímastjóri látið taka loftnetið niður á kostnað eiganda.

17. gr.

Um ábyrgð fyrir eiganda loftnets, sem og fyrir þá menn, sem setja upp slík net eða gjöra við þau, á óhagnaði og skaða, sem hljótast kynni af netinu eða umbúnaði þess, fer eftir almennum reglum.

18. gr.

Ákvæði í reglum þessum gilda einnig fyrir þau loftnet, sem kunna að hafa verið sett upp áður en reglugjörð þessi er gefin út.

19. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum alt að 1000 krónum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjemeð sett samkvæmt lögum nr. 82, 14 nóvember 1917, um rekstur loftskýtastöðva á Íslandi, sbr. lög nr. 51, 26. júní 1925, um útvarp, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. apríl 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

49

27. apríl

um

meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum til 14. maí 1928 eftir ákvæðum sýslunefnda, samkvæmt 26. gr. laga nr. 46, 27. júní 1921.

1. Árnessýsla.

Til fullra	4 ára aldurs	kr.	250.00
— —	14 — —	—	175.00
— —	16 — —	—	100.00

49
27. apríl

2. *Strandasýsla.*

Til fullra	5 ára	aldurs	kr.	220.00
—	—	10	— —	— 150.00
—	—	16	— —	— 50.00

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Vatnsfjarðarsveitar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju- málaráðherra 29. apríl 1926. Skipulagsskráin er þannig:

50
29. apríl

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

„Menningarsjóð Vatnsfjarðarsveitar“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Menningarsjóður Vatnsfjarðarsveitar“.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styðja að aukinni menningu og mentun á starfssviði sínu, sem er Vatnsfjarðarsveit. Að því markmiði vinnur hann — er stundir líða fram — með styrkveitingum til hverskyns náms, bóklegs sem verklegs. Til mála getur og komið, að sjóðurinn veiti styrk til skólahalds á starfssviði sínu.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður haustið 1925 með gjöfum nokkurra fjelagsmanna í U. M. F. „Vísir“, og er hann afhentur því fjelagi til eignar og umráða með þessum skilyrðum:

- a. Að fjelagið taki að sjer stjórn sjóðsins.
- b. Að fjelagið láti semja skipulagsskrá fyrir sjóðinn, sem fengin sje á konungleg staðfesting, og
- c. Að fjelagið taki að sjer að safna frekara fje til sjóðsins, þannig að hann aukist eitthvað á ári hverju — auk vaxta, sem allir og ósnertir skulu leggja ast við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn tekur til starfa.